

13. janúar 2023

Fyrri úthlutun menningarstyrkja Múlaþings 2023

Sótt var um: 20.999.000 kr.

Heildarkostnaður verkefna: 113.329.500 kr.

Tillaga að úthlutunarupphæð: 7.640.000 kr.

35 umsóknir bárust frá 32 aðilum. 9 aðilar eru skráðir á Fljótsdalshérað, 9 á Seyðfirði, 3 á Borgarfirði. 2 á Djúpavogi og 9 utan Múlaþings. Skráningarstaður umsækjanda þarf þó ekki að endurspegla hvar verkefnið mun fara fram.

Við úthlutun færu 750.000 kr. til verkefna sem fara fram á Borgarfirði, 2.300.000 á Egilsstöðum, 2.500.000 kr. á Seyðisfirði og 700.000 kr. á Djúpavogi. 1.390.000 kr. fara til verkefna sem gerast í fleirum en einum kjarna eða eru óstaðbundin.

Hæsti einstaki styrkur er 400.000 kr.

Upplýsingar um umsóknir sem fengu úthlutun má sjá á næstu síðu.

Seinni úthlutun árið 2023 verður auglýst eigi síðar en 15. ágúst 2023. Til úthlutunar verða 1.910.000 kr.



Apolline Alice Penelope Barra

Fiskisúpa - Ljósmyndasósa 2023

Fiskisúpa- Ljósmyndasósa er röð viðburða sem ætlað er að bjóða ljósmyndurum og myndlistarmönnum að kynna verk sín, spjalla við samfélagið á ýmsum stöðum á Austurlandi. Það er boð á reglulega samfélagsfundum, grunnur fyrir samræður, skipti og miðar að því að virkja og virkja hina ýmsu menningarstaði okkar. Við erum að búa til huggulega stund í kringum heita máltíð með listamönnum.

Úthlutun: 400.000 kr.

Auður Vala Gunnarsdóttir

Íslensku jólasveinarnir á Borgarfirði eystra

Saumaðir og búnir til búningar fyrir íslenska jólasveinana fyrir jóladaginn á Borgarfirði eystra. Hannaðir og saumaðir jólasveinabúningar af vinnuhóp fyrir jóladaginn sem haldin er á Borgarfirði fyrir hver jól.

Úthlutun: 150.000 kr.

Ásgrímur Ingi Arngrímsson

Kvöldgestir framtíðarinnar

Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson ætlar að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið síðasta sumar þegar hann kom fram á fimm tónleikum á jafnmörgum kvöldum í Fjarðarborg á Borgarfirði eystra. Fjölmargir hæfileikaríkir austfirskir tónlistarmenn komu fram í tónleikaröðinni í bland við landsþekktu tónlistarmenn og ætlunin er að vinna áfram á sömu nótum ef svo má að orði komast og þróa tónleikaröðina áfram.

Úthlutun: 400.000 kr.

Bergþóra Birgisdóttir / Langabúð

Aldarafmæli Stefáns Jónssonar fréttamanns frá Rjóðri.

Að heiðra minningu Stefáns Jónssonar með dagskrá í Löngubúð á Djúpavogi 13. maí 2023. til að halda uppá afmæli Stefáns Jónssonar sem hefði orðið 100 ára 9.maí 2023. Laugardaginn 13.maí ætlum við að vera með dagskrá þar sem verður upplestur og tónlistaratriði í minningu Stefáns Jónssonar.

Úthlutun: 150.000 kr.

Bjarni Þór Haraldsson

Styrktartónleikar

Um er að ræða styrktartónleika þar sem ágóðinn rennur til geðheilbrigðismála á Austurlandi. Ungmenni úr Múlapingi bera hitan og þungan af fyrri hluta tónleikana og það hefur reynst mjög valdeflandi og gefandi. Tónleikar með þessu sniði voru fyrst haldnir árið 2017 og hafa verið að festa sig í sessi. Markmiðið/lokaafurðin er mjög skýr - styrkja geðheilbrigðismál á Austurlandi.

Úthlutun: 250.000 kr.

Bláa Kirkjan sumartónleikar

Sumartónleikaröð Bláu kirkjunnar 2023

Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan var stofnsett árið 1998. Um er að ræða tónleikaröð sem fer fram í Seyðisfjarðarkirkju á miðvikudagskvöldum frá lokum júní og fram ágúst. Lögð er áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta tónleika með klassískri tónlist, djass og blús, þjóðlagatónlist og léttari tónlist. Tónleikaröðin er mikilvægur menningarviðburður fyrir heimamenn sem og þá fjölmörgu gesti sem sækja Seyðisfjörð heim á sumrin.

Úthlutun: 400.000 kr.



Blábjörg ehf.

Stofutónleikar KHB ölstofu

Haldnir verða fjórir tónleikar í ölstofu KHB í Gamla Kaupfélaginu á Borgarfirði eystra. Fjórir tónlistarmenn spila og skapa notalega stemmningu í einni elstu stofu bæjarins. Markmið tónleikana er að færa birtu og yl inn vetraskammdegið á Borgarfirði eystri og austurlandi öllu. Halda notalega tónleika með íslenskum listamönnum fjórum sinnum á tímabilinu 4.febrúar - 12.mars 2023.

Viðburðurinn er fyrir allt austurland og verður hver viðburður auglýstur sérstaklega.

Úthlutun: 200.000 kr.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

Útgáfa ljóðabóka árið 2023

Félagið áformar að gefa út tvær ljóðabækur árið 2023. Stefnt er að útgáfu fyrri bókarinnar í júní, höfundur hennar er Iðunn Steinsdóttir rithöfundur frá Seyðisfirði. Bók Iðunnar verður sú tuttugasta og þriðja í floknum Austfirsk ljóðskáld. Kristín Sigfinnsdóttir á Djúpavogi er höfundur síðari bókarinnar. Áætlað er að hún komi út í september. Bókin verður ein af aukabókum félagsins eins og við nefnum þær bækur sem ekki eru gefnar út í floknum.

Úthlutun: 200.000 kr.

Hlín Pétursdóttir Behrens

Ljóðahátíð III og IV, Passíusálmar í dymbilviku, óperan Mærþöll

Ljóðahátíð er framhald á verkefni sem hófst haustið 2022. Tvennir ljóðatónleikar í Egilsstaðakirkju, "List og lyst" og "Suðrið heillar". Passíusálmar verða sungnir í heild sinni í mismunandi kirkjum í Egilsstaðaprestakalli frá pálmásunnudegi til föstudagsins langa. Óperan Mærþöll verður frumsýnd í Sláturhúsinu á vormisseri 2024. Haustið 2023 hefjast tónlistaræfingar auk þess sem haldin verða tvö leiklistarnámskeið fyrir flytjendur óperunnar.

Úthlutun: 200.000 kr.

Hólmfríður Ósk Samúelsdóttir

Vögguvísur í heimabyggð

Góða nótt, vögguvísur í heimabyggð er röð "kodda"tónleika fyrir fólk á öllum aldri. Flutt verða lög af plötunni Góða nótt sem kemur út í apríl 2023. Lögin er ætluð börnum fyrir svefninn og tónelskum fullorðnum sem vilja ró og ljúfa tóna. Tónleikarnir á Djúpavogieru sérstakir því gestir mega mæta í náttfötum, geta lagst á dýnu með teppi & kodda og hlustað, knúsast og hallað augunum. Kjörið fyrir fjölskyldur og vini. Skapar ró, eflir tengsl, gleður og kætir.

Úthlutun: 200.000 kr.

Jessica Giséle Auer

Heiðin / The Heath

Heiðin / The Heath er margmiðlunarverkefni um Fjarðarheiði. Innblásturinn er hugmyndin um jarðgöng og ég er að rannsaka sögu Vegs 93 og safna minningum og sögum fólks um ferðalög yfir Fjarðarheiði. Afrakstur verkefnisins verður ljósmyndasýning og heimildarmynd.

Úthlutun: 300.000 kr.



Julia Martin

Hafnargarður Almenningsgarður eftir 10 ár

Hafnargarður er samfélagsrekinn almenningsgarður við ferjuhöfnina á Seyðisfirði. Það var frumkvæði að því árið 2012 af hópi heimamanna sem hefur þróað lóðina á undanförunum 10 árum með stuðningi frá samfélaginu og Seyðisfjarðarbæ. Við erum að sækja um styrk til að endurhanna og gróðursetja hluta garðsins, styrkja félagslega, vistfræðilega og menntagrunn hans og styðja við framtíðarnotkun.

Úthlutun: 350.000 kr.

Lauren Victoria Charnow

Big Dot Little Dot (Stor Punktur Lili Punktur)

Silly Suzy og Momo eru að koma í bæinn! Heil helgi af sirkusstarfi fyrir fólk á öllum aldri í Sláturhúsinu þar sem Suzy og Momo kynna fyrir þér brjáláða trúðaheiminn sinn fullan af hlátri og gleði. Vertu með þeim í hátíðarhöldunum og upplifðu sirkuslistir af eigin raun, gerðu tilraunir með féлага-akró, loftsilki og tónsmíðar. Ertu tilbúinn fyrir allt stuðið?

Úthlutun: 200.000 kr.

Litten Nyström

Litir Austurlands

Litir Austurlands mun vinna svæðisbundna liti í litarefni; einstök og takmörkuð blæbrigði í takt við staðbundna liti steina, steinefna, okrar og leir. Litir sem geta ferðast langt í burtu - og orðið grunnur að listaverkum sem unnin eru á staðnum eða annars staðar. Þannig koma litir svæðisins á heimskortið og fáanlegir fyrir listamenn, handverksmenn, börn og litaunnendur sem þekkja uppruna litarins.

Úthlutun: 250.000 kr.

Lísa Leifsdóttir

Kvennakórinn Héraðsdætur- vortónleikar og landsmót íslenskra kvennakóra

Kvennakórinn Héraðsdætur er 10 ára í ár og starfar þennan veturinn frá september - maí. Kórstjóri er Drífa Sigurðardóttir. Stefnum við á vortónleika í Egilsstaðakirkju í apríl 2023 og 4.-6.maí 2023 munum við taka þátt í landsmóti íslenskra kvennakóra, sem haldið verður að þessu sinni í Reykjavík. Einnig munum við heimsækja íbúa á Dyngju og syngja fyrir þau.

Úthlutun: 200.000 kr.

LungA-skólinn ses.

Seyðisfjörður Ceramic Studio

Fyrirhugað keramikstúdíó Seyðisfjarðar verður eina tiltæka keramikstofan sem opin er almenningi á Seyðisfirði. Í Netaverksmiðjunni getur keramikstofan boðið öllum áhugasömum aðstöðu til einstaklingsnotkunar, fræðslunámskeið og keramiksmiðjur. Vinnustofan mun samanstanda af kasthjólí, ofni, gljásvæði og þurrkhillum og vinnusvæði fyrir skúlptúr.

Úthlutun: 400.000 kr.

María Jóngerð Gunnlaugsdóttir

Hula

Leikfélagið Grímur sem stofnað var af ungmennum í Sláturhúsinu vorið 2016 snýr aftur heim og frumsýnir nýtt verk í glænýjum sortusal hússins. Verkið Hula er unnið frá grunni af meðlimum hópsins og dregur innblástur sinn af Austfjarðapokunni sem reglulega leggst yfir fjórðunginn og hjúpar hann dulúð. Þókan geymir leyndardóma sem leikhópurinn leitast við að afhjúpa í þessari fallegu og dularfullu sýningu fyrir Austfirðinga á öllum aldri.

Úthlutun: 250.000 kr.



Minjasafn Austurlands

Sumarsýning Minjasafns Austurlands: Ferðalög

Sótt er um styrk fyrir sumarsýningu Minjasafns Austurlands 2023 en þema sýningarinnar verður ferðalög hér áður fyrr þar sem settar eru fram staðreyndir og vangaveltur um tilgang og praktíska þætti þeirra. Teflt verður fram ljósmyndum og munum úr safneign í tengslum við umfjöllunarefnið auk ritaðra upplýsinga þeim til stuðnings. Sýningin verður opnuð 17. júní og mun standa fram á haust.

Úthlutun: 250.000 kr.

Ólafía Herborg Jóhannsdóttir

Stakkahlíðar og Loðmfirðingasaga

Bókin er samantekt um Loðmundarfjörð og lífið í firðinum með aðaláherslu á Stakkahlíð og fólkið sem bjó þar sem og ættina í heild. Mun bókin verða að stórum hluta byggð á bréfum tengdum Stakkahlíðarættinni sem eru varðveitt í Héraðsskjalasafninu á Egilsstöðum. Einnig útfra ýmsum gögnum sem ég hef safnað í gegnum árin. Nú er allur fjörðurinn í eyði og allt fellur í gleymsku sem er mjög miður. Ætlunin er að bókin komi út í byrjun ársins 2023.

Úthlutun: 250.000 kr.

Ra Tack

Residency for LGBTQIA+ artists and activists at Heima Collective

Heima Collective vill vekja athygli á mikilvægi hinsegin samfélags á Austurlandi með dvalar- og fræðsludagskrá fyrir listamenn og aðgerðarsinna úr LGBTQIA+ samfélaginu. Gestavinnustofan miðar að því að veita hinsegin listamönnum og aðgerðasinnnum víðsvegar að úr heiminum lista- og menningartækifæri með því að skiptast á og deila listrænni þekkingu, sýningum, gjörningum og vinnustofum fyrir hinsegin ungmenni.

Úthlutun: 400.000 kr.

Ragnhildur Ásvaldsdóttir / Sláturhúsið

Langt-út / Far-out, jazztónleikaröð í Sláturhúsinu

Jazztónleikaröð í Sláturhúsinu - 12 tónleikar. Edgar Rugajs, gítarleikari og kennari við Tónlistarskólann á Egilsstöðum býður til sín gestum í Sláturhúsið einu sinni í mánuði. Undirstaðan er jazztónlist en útsetning og nálgun verður síbreytileg eftir því hver kemur í heimsókn. Kúl jazz, rólegur jazz, frjáls jazz og allt í bland.

Úthlutun: 250.000 kr.

Ragnhildur Ásvaldsdóttir / Sláturhúsið

Sumarsýning 2023 – Fyrirbæri

Sumarsýning Sláturhússins 2023 ber vinnuheitið Fyrirbæri. Sýningin er samsýning fjölmargra listamanna sem reka sameiginlegar vinnustofur og Gallerí undir nafninu Fyrirbæri. Sýnd verða ný verk sem unnin eru á staðnum inn í rými Sláturhússins og í landslaginu í kring.

Úthlutun: 350.000 kr.



Skaftfell

Culture Map of East Iceland

Verkefnið er að búa til kort af helstu menningarstöðum á Austurlandi sem hægt er að heimsækja. Þetta myndi fela í sér menningar- og myndlistasöfn og -setur; tónlist og tónleikastaðir; söguleg og fornleifasöfn og staðir; opinber skúlptúr; og heimili listamanna/rithöfunda. Kortið yrði tvíhliða, með númeruðum landfræðilegum stöðum, lýsingum í einni setningu og vefföngum á bakhlið.

Úthlutun: 400.000 kr.

Skaftfell

Skaftfell Art Center - The First Ten Years

Í tilefni af því að 25 ár eru liðin frá stofnun þess leitast Skaftfell við að gefa út sögu um mótunarár stofnunarinnar. Sagan hefur verið vel rannsökuð og skrifuð af Tinna Guðmundsdóttur, fyrrverandi Skaftfellsstjóra. Verkefninu er ætlað að vera netrit sem er öllum aðgengilegt og í 200 eintaka takmörkuðu upplagi.

Úthlutun: 150.000 kr.

Sóley Prastardóttir

Sumardagur á fjöllum

Flautukvartettinn Bjartsýni samanstendur af fjórum flautuleikurum af Austurlandi, þeim Hildi Þórðardóttur, Jóni Guðmundssyni, Sigurlaugu Björnsdóttur Blöndal og Sóleyju Prastardóttur. Bjartsýni kemur fram í Vallanesi 11. júní 2023 til þess að leika kammerverk og einleiksverk fyrir flautur frá 20. öldinni. Á tónleikunum verður meðal annars frumfluttur nýr flautukvartett eftir Báru Sigurjónsdóttur, tónskáld, en hún er uppalin á Egilsstöðum.

Úthlutun: 100.000 kr.

Sveinn Kristján Ingimarsson

Tilvitnanir

Uppsetning á skiltum á ljósastaura á Djúpavogi sumarið 2023 með tilvitnunum úr bókum Stefáns Jónssonar rithöfundar frá Djúpavogi. Tilefnið er 100 ára afmæli Stefáns Jónssonar rithöfundar, útvarpsmanns og alþingismanns en hann fæddist á Hálsi í Hamarsfirði þann 9. maí 1923. Hugmyndin er að láta útbúa 50 álskilti sem eru u.þ.b. A4 stærð og festa á ljósastaura í þorpínu, gangandi vegfarendum til gagns og gamans.

Úthlutun: 100.000 kr.

Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir

Námskeiðahald Myndlistarfélags Ausutrlands

MA hefur í áraraðir staðið fyrir námskeiðshaldi en eins og víða annar staðar hefur undanfarin tvö ár verið litið um slíkt. Nú hefjum við aftur starf af krafti og ætlum að fá til okkar góða kennara til að efla og styrkja þá myndlistamenn sem hér starfa og eins þá sem hafa áhuga á að reyna fyrir sér. Meðal annars má taka fram að núverandi listnemar af Austurlandi hafa fengið hvatningu og innblástur af námskeiðum MA.

Úthlutun: 140.000 kr.



Torvald Gjerde

Tónlistarstundir 2023

Tónleikaröð, sex sumartónleikar: fernir í Egilsstaðakirkju og tvennir í Vallanesskirkju í seinnipart júní og byrjun júlí 2023. Fram koma aðallega tónlistarmenn frá Austurlandi en einnig frá öðrum svæðum. Mörg hundruð tónlistarmenn hafa komið fram og mörg þúsund áheyrendur hafa mætt á þessum tónleika á þeim meira en 20 árum sem hátíðin hefur verið haldin.

Úthlutun: 250.000 kr.

Tækniminjasafn Austurlands

Söguhjólíð

Söguhjólíð snýst hring eftir hring! Þér er velkomið að koma við í Vélsmiðju Jóhanns Hanssonar á Seyðisfirði. Þar inni stendur forvitnilegur skápur með mörgum hólfum, risastórri hringlaga skífu sem snýst hring eftir hring með áföstum ártölum. Hvað gerist þegar þú snýrð Söguhjólínu? Fræðandi leikur fyrir börn og fullorðna sem fjallar um Búðareyrina á Seyðisfirði og sögu umbreytinga. Skemmtun, fræðsla og áhersla lögð á mismunandi útfærslur af skynjun.

Úthlutun: 250.000 kr.

Þórdís Sævarsdóttir

Um loftin blá - Hljóðbók

„Um loftin blá“ er barnabók frá 1940, eftir Sigurð Thorlacius, sem lýsir fuglaflóru, hringrás fuglalífsins, dýralífi, náttúru og staðháttum á Djúpavogi og nágrenni. Bókin er ekki auðfengin í dag. Markmið verkefnisins „Um loftin blá – Hljóðbók“ er verkefni um að setja þessa fallegu og fræðandi sögu og heimild frá Djúpavogi og nágrenni í form hljóðbókar, svo glattist ekki, og gera hana þannig aðgengilega ungu fólki í dag og komandi kynslóðum.

Úthlutun: 250.000 kr.